



Borgarráð

Borgin okkar 2022

Lagt er til að borgarráð samþykki að ráðist verði í verkefnið Sumarborgin 2022. Verkefnið verði framhald á verkefninu Sumarborgin 2020 og Borgin okkar 2021 en efli einnig mannlíf og menningu í miðborginni í kringum vor, sumar, haust og jól, auk utanumhalds annarra verkefna sem tengjast miðborginni. Framlög verði 45 mkr. til verkefnisins.

Jafnframt verði aftur gert ráð fyrir 30 mkr umsóknarpotti vegna viðburða í hverfum í sumar. Þannig verði hverfin áfram styrkt, líkt og á síðasta ári, til þess að halda viðburði og styrkja einstaklinga og hópa sem hafa það markmið að efla hverfisanda, félagsauð, mannlíf og menningu í hverfum Reykjavíkur. Heildarframlög vegna verkefnisins eru því 75 mkr. á árinu 2022 og komi af liðnum ófyrirséð.

Dæmi um afar vel heppnuð verkefni sem fengu styrki úr hverfapottunum eru til að mynda í 17. júní hátíðahöldin í Grafarvogi og Breiðholti. Íbúaráð viðkomandi hverfa taki afstöðu til umsókna líkt og áður en lagt er til að Borgin okkar verði ráðgefandi gagnvart íbúaráðunum í þessum efnum og veiti jafnframt stuðning við framkvæmd einstakra viðburða og verkefna.

Líkt og undanfarin ár er verkefnið samstarfsverkefni umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og menningar- og ferðamálasviðs (MOF) ásamt samstarfsaðilum.

Greinargerð:

Sumarborgin og Borgin okkar hafa verið hluti af átaksverkefnum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Að auki var samþykkt að fela íbúaráðum borgarinnar að ráðstafa fjármagni inn í hverfin til eflingar þeirra og félagsauðs í hverfunum.

Borgarráð samþykkti hvorutveggja í aprílmánuði árið 2020 og febrúarmánuði árið 2021. Markmið verkefnisins var að efla viðspyrnu atvinnulífsins í Reykjavík eftir Covid-19 með eflingu miðborgarinnar sem áfangastaðar, efla atvinnulíf á svæðinu og bæta borgarumhverfið með gróðri, götugögnum og skemmtilegum uppákomum.

Mikilvægt er að Sumarborgarverkefninu sé framhaldið árið 2022 þar sem áfram þarf að eiga sér náið samstarf við rekstraraðila, listafólk og aðra viðburðahaldara í borginni. Í því sambandi er mikilvægt að til sé mannskapur í tilfallandi viðbótarþrif, stuðningur við garðyrkju, smávægilegt aukaviðhald og svigrúm til að aðstoða viðburðahaldara og rekstraraðila sem fá leyfi til að nýta borgarlandið undir viðburði.



Viðburðapotturinn sem er hluti af Borginni okkar hefur verið undirstaða skemmtilegra uppákoma í miðborginni á undanförunum árum, til að mynda Sumarmatstöðurnar, Dansinn með Kramhúsinu, jólamarkaðir og jólatréssala á Lækjartorgi, Götubítahátiðin, grænmetismarkaðir, pop–up tónleikar og fleira sem styður við líflegt borgarumhverfi og starfsemi á svæðinu.

Borgarhönnunarteymi USK er hluti af Sumarborginni og stuðlar að því að lífga við borgarrýmið með götugögnum og skemmtilegum innsetningum.

Samvinna þvert á svið og skrifstofur er lykilatriði til að vel til takist þar sem hægt er að vinna hratt og vel auk þess sem fjármagn nýtist betur ef ábyrgð er skýr. Sviðsstjórum USK og MOF er falið að útfæra frekar utanumhald verkefnisins árið 2022.

Áherslu skal leggja á:

- Markaðssetningu
- Miðlun og ytri og innri samskipti (samskipti við fjölmiðla og hagsmunaaðila)
- Borgarhönnun og blómstrandi ásýnd
- Börn og fókushópa
- Viðburðarteymi
- Afnotaleyfi og umhirðu

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri